

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulags og 5 minniháttar breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 12. apríl 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Leirvog. Deiliskipulagið felur í sér afmörkun á lóð og byggingarreit fyrir skólþælustöð og ákvörðun skipulagsskilmála fyrir hana. Staðsetning hennar krefst færslu á stuttum kafla reiðvegum sem er fyrir hendi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Ennfremur hefur bæjarstjórn Mosfellsbæjar í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt eftirtaldir 5 minniháttar breytingar á deiliskipulagsáætlunum:

Völuteigur 31, breyting á deiliskipulagi Teigahverfis sem felst í því að syðri byggingarreitur á lóðinni nr. 31 við Völuteig er breikkaður um 2 metra til suðurs.

Samþykkt í bæjarstjórn 12. apríl 2006.

Sumarhúsaloð í Miðdalslandi landnr. 125359, breyting á skipulagsskilmálum þannig að byggja má bústað allt að 110 m² auk 20 m² geymslu, en áður var gert ráð fyrir 70 m² bústað að meðtalinni geymslu.

Samþykkt í bæjarstjórn 12. apríl 2006.

Asparteigur 6, breyting á deiliskipulagi Teigahverfis sem felst í stækkun byggingarreits á lóðinni vegna fyrirhugaðrar sólstofu við NV-horn hússins.

Samþykkt í bæjarstjórn 12. apríl 2006.

Laugaból Mosfellsdal, breyting á deiliskipulagi Laugabólslands sem felst í því að bætt er við nýjum byggingarreit fyrir ylrækt austanvert í lóð Laugabóls.

Samþykkt í bæjarstjórn 26. apríl 2006.

Amsturdam 8, breyting á deiliskipulagi Reykjalandar austan Varmár sem felst í því að afmarkaður er byggingarreitur á lóðinni og leyfilegt byggingarmagn skilgreint.

Samþykkt í bæjarstjórn 10. maí 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Mosfellsbær hefur lýst því yfir að hann muni bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna þeirra.

F. h. Mosfellsbæjar, 1. júní 2006.

Finnur Birgisson
skipulagsfulltrúi.